

Þriðjudaginn 4. september 2018, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Sigurði Guðmundssyni, Gunnari Guðmundssyni og Helga R. Magnússyni.

**Fyrir er tekið málið nr. 6/2018:**

Knattspyrnudeild Völsungs  
gegn  
Huginn

Gögn málsins merkt nr. 1-4 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

**ÚRSKURÐUR:**

I.

**Kærandi:**

Knattspyrnudeild Völsungs, kt. 710269-6379,  
Stóragarði 8,  
640 Húsavík  
Fyrirsvarsmaður: Guðrún Kristinsdóttir

**Kærði:**

Huginn, kt. 480316-0450,  
Leirubakki 10,  
710 Seyðisfirði  
Fyrirsvarsmaður: Sveinn Ágúst Þórsson

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 20. ágúst sl. Ákveðið var að gefa kærða frest til að skila greinargerð til 27. ágúst sl. Kærði svaraði með greinargerð sem barst þann 27. ágúst.

II.

**Kröfur:**

Kærandi krefst þess að síðustu sex mínútur leiks Hugins og Völsungs í 2. deild karla sem fram fór á Seyðisfjarðarvelli 17. ágúst 2018 verði endurspilaðar. Þá er þess krafist að KSÍ greiði Völsungi ferðakostnað vegna farar í leikinn. Til vara krefst Völsungur þess að leikurinn allur verði endurspilaður á Seyðisfirði og ferðakostnaður verði greiddur af Knattspyrnusambandi Íslands.

### III.

#### **Málsatvik og ágreiningsefni:**

Kærandi kveður að samkvæmt leikskýrslu á vef KSÍ fór framangreindur leikur fram hinn 17. ágúst 2018 og hófst kl. 19. Á 91. mínútu leiksins gerist það atvik að Freyþór Hrafn Harðarson leikmaður Völsungs fékk gult spjald. Dómari leiksins taldi ranglega að um seinna gula spjald leikmannsins væri að ræða, gaf honum því rautt og vék honum af leikvelli. Nefndur leikmaður hafði hins vegar ekki fengið gult spjald áður í leiknum. Honum var því ranglega vikið af leikvelli. Sést þetta á leikskýrslu leiksins þar sem nú hefur verið fært inn að leikmaðurinn fái gult spjald á 91. mínútu, það fyrsta og eina sem leikmaðurinn fékk í leiknum. Eftirlitsmaður mun hafa er þetta atvik kom upp reynt að hafa áhrif á framgang málsins með því að greina dómara frá því að viðkomandi leikmaður hefði ekki fengið gult spjald áður í leiknum. Dómari sinnti þeim tilmælum þó ekki og hélt fast við rauða spjaldið. Er þetta varð voru um sex mínútur eftir af uppbótartíma og staðan 1-1. Völsungur var þarna ranglega einum leikmanni færri. Skömmu eftir þetta skoraði Huginn sigurmark í leiknum. Ljóst er því að þessi grundvallarmistök við framkvæmd leiksins höfðu að líkindum öll áhrif á það hvernig leiknum lyktaði. Þess er því krafist að þessar síðustu mínútur frá rauða spjaldinu að telja verði endurspilaðar á Seyðisfirði við fyrsta tækifæri.

Af hálfu kæranda er vísað til knattspyrnulaganna, 30. gr. laga KSÍ og reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál, einkum 5. gr, 7. gr. og greinar 12.1.1.

Kærði krefst þess að málinu verði vísað frá aga- og úrskurðarnefnd KSÍ, því ekkert í lögum og reglum KSÍ heimili endurtekningu leiks með þessum hætti og vísað er til XI. kafla laga KSÍ sérstaklega grein 40.3. jafnframt er vísað til reglugerðar KSÍ um aga og úrskurðarmál grein 3.1. Varakrafa kærða er sýkna og að úrslit leiksins standi óbreytt með vísan til 5. greinar Knattspyrnulaganna en þar segir að dómari stjórnir leiknum, þá er vísað til 2. mgr. 5.2. en þar segir: „Úrskurðir dómarsins varðandi atvik leiks, þ.m.t. hvort mark sé skoðað eða ekki og úrslit leiksins, eru endanlegir“. Að öðru leyti er fallist á atvikalýsingu kæranda.

### IV.

#### **Niðurstaða:**

Mál þetta snýst um hvort að óumdeild mistök dómara við framkvæmd leiksins eigi að leiða til þess að síðustu mínútur leiksins verðir spilaðar að nýju.

Með vísan til greinar 12.1.1 í reglugerð KSÍ um aga og úrskurðarmál getur aganefnd úrskurðarð leik ógildan, látið endurtaka hann eða dæmt um úrslit hans. Engin heimild er til þess að láta endurtaka síðustu mínútur leiks, með vísan til framanritað ber að vísa máli þessu frá dómi. Jafnframt skal á það bent að jafnvel þó að kröfugerð kæranda hefði átt sér lagastoð, að aga- og úrskurðarnefnd KSÍ endurmetur ekki úrskurði dómara, sbr. 5. grein knattspyrnulaganna.

V.

### **Úrskurðarorð:**

Máli þessu er vísað frá aga- og úrskurðarnefnd KSÍ.

### **Um Áfrýjun:**

Samkvæmt grein 17.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Sigurður Guðmundsson [sign]

Gunnar Guðmundsson [sign]

Helgi R. Magnússon [sign]